



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1655

Fimmtudagur 30. ágúst 2023 / kl. 15.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Tuttugasti og annar stjórnarfundur SKÍ 2021 – 2023.
- Fundarstjóri:** Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
- Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
- Pátttakendur:** Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri, Gísli Reynisson gjaldkeri, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður.
- Fjarverandi:** Friðbjörn Benediktsson formaður snjóþrettanefndar.

Fundur settur kl. 15.30

Fundardagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1654
2. Umsóknir vegna Olympic Solidarity styrkja.
3. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1654
 - a. Samþykkt samhljóða af stjórnarmönnum eftir ábendingar frá Sigurði og Einari.
2. Umsóknir vegna Olympic Solidarity styrkja.

Formaður SKÍ og afreksstjóri sendu stjórnarmönnum ítarlegt minnisblað fyrir stjórnarfund um það afreksíþróttafólk sem nefndir SKÍ tilnefna og mismunandi útfærslur á leiðum sem hægt væri að fara við úthlutun styrkja út frá kröfum ÍSÍ – en ÍSÍ tekur skýrt fram að þau sem hljóta styrk þurfa að eiga mjög mikinn möguleika á því að komast inn á Ólympíuleikana út frá fyrri árangri.

 - a. Tillögur Alpagreinaneftndar
 - i. Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir
 - ii. Bjarni Þór Hauksson
 - iii. Matthías Kristinsson
 - b. Tillögur Skíðagöngunefndar
 - i. Krístrún Guðnadóttir
 - ii. Dagur Benediktsson
 - c. Tillögur þrettanefndar
 - i. Vildís Edwinsdóttir
 - ii. Benedikt Friðbjörnsson

- iii. Baldur Vilhelmsson
- d. Helstu möguleikarnir sem eru í boði:
 - i. Velja 5 einstaklinga sem allir fengju fullan styrk.
 - ii. Velja einstaklinga sem fengju fullan styrk og aðra sem fengju skertan (t.d. ½) styrk. Hér erum ýmsar leiðir í boði þ.e. ákveðinn fjöldi með fullan styrk, aðrir með 50% styrki o.þ.h.
 - iii. Að jafna út alla styrkina á fleiri en 5 einstaklinga, t.d. á 6 eða 7.
 - iv. Að leggja til viðbótarfjármagn úr eigin sjóðum sambandsins og þannig auka við heildarfjármagnið sem OS býður upp á.
 - 1. Gjaldkeri SKÍ kemur með athugasemd er varðar það fjármagn sem SKÍ hefur á milli handanna sem er að skornum skammti og það eigi eftir að setja fjármagn í hin ýmsu verkefni innan hreyfingarinnar og því ekki skynsamlegt að SKÍ komi með mótframlag miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir að þessu sinni.
 - 2. Afreksstjóri bendir einnig á að þessir iðkendur eru nú þegar í A eða B-landslíðum SKÍ og eru því nú þegar að fá fjármagn frá hreyfingunni.
- e. Samantekt um íþróttafólk sem afreksstjóri fer yfir
 - i. Staða á heimslista o.fl.
- f. 3 útfærslur á skiptingu á styrkjagreiðslum á mánuði til iðkenda lagðir fram á fundinum
 - i. Stjórn SKÍ fer yfir með formanni og afreksstjóra og umræða á sér stað um hvaða leið væri best að fara út frá þeim kröfum sem ÍSÍ gerir.
- g. Umræða um þann metnað, tíma o.fl. sem bæði formenn nefnda og iðkendur eru að leggja á sig. Mikilvægt að gera sömu kröfur til nefnda og afreksíþróttafólksins okkar sem við erum að styrkja.
- h. Umræða um möguleika íþróttafólksins okkar að komast inn á Ólympíuleikana. Getum ekki verið að styrkja aðila sem við teljum ekki líklegt að komist inn á leikana, það er skilyrði frá ÍSÍ að viðkomandi eigi mikla möguleika. Einnig er mikilvægt að horfa til þess hvaða einstaklingar geta dregið fleiri með sér inn á leikana.
- i. **Lokaákvörðun stjórnar SKÍ var að Ólympíustyrkur ÍSÍ skiptist niður í 6 hluta**
 - i. **167.500 á mann á mánuði (83%)**
 - 1. 3 til alpagreinaneftndar
 - 2. 2 til skíðagöngu
 - 3. 1 til bretta
 - j. Næsta skref er þá að Brynja, afreksstjóri SKÍ, taki samtalið við snjóþrettanefnd og fái ákvörðun frá formanni snjóþrettanefndar um hvernig þau vilja haga sínum styrk þar sem setja þarf nafn / nöfn á bakvið styrkinn. Hægt er að úthluta styrknum til eins aðila eða deila honum niður.

3. Næsti fundur

- a. Jónas sendir tillögu á stjórnarmenn að næsta fundi.

Fundi slitið kl. 16.34

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð